

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Mynd: Snæfellsjökull Sædis Björk

HÓTEL HAMAR – BORGARBYGGÐ
19.03.2018

AÐALFUNDUR SSV 2018

AÐALFUNDUR SSV HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ
MÁNUDAGINN 19. MARS.

DAGSKRÁ DAGSINS VAR EFTIRFARANDI:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.15	Hádegisverður
Kl.13.00	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.00	Kynning á starfsemi Vesturlandsstofu
Kl.14.30	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Dagskrá aðalfundar SSV:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs hjá SSV og þeim félögum og rekstrareiningum sem SSV ber ábyrgð á.
2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda.
3. Fjárhagsáætlun SSV 2018.
4. Starfsáætlun SSV 2018.
5. Kosning í stjórn SSV.
6. Kosning í þær nefndir sem starfa milli aðalfunda SSV.
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hér á eftir er fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2018

Fulltrúar á aðalfundi SSV 2018

AKRANES

Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi
Rakel Óskardóttir, bæjarfulltrúi
Kristín Sigurgeirsdóttir, bæjarfulltrúi
Ingibjörg Pálmadóttir, bæjarfulltrúi
Valgarð Jónsson, stjórn SSV

BORGARBYGGÐ

Björn Bjarki Þorsteinsson,
sveitarstjórnarfulltrúi
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir,
sveitarstjórnarfulltrúi
Helgi Haukur Hauksson, sveitarstjórnarfulltrúi
Magnús Smári Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi
Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Valdís Gunnarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
Ingveldur Guðmundsdóttir,
sveitarstjórnarfulltrúi
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi
Berghildur Pálmadóttir, bæjarfulltrúi
Jósef Kjartansson, bæjarfulltrúi
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

Hilmar Hallvarðsson, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Brynja Þorbjarnardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
Stefán G. Ármannsson, sveitarstjórnarfulltrúi
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Björn Hilmarsson, bæjarfulltrúi
Júníana Óttarsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Hafdís Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

Elísabet Haraldsdóttir
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Ólafur Sveinsson
Ólöf Guðmundsdóttir
Páll S. Brynjarsson

**FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI
SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI**

Starfsendurhæfing Vesturlands
Símenntunarstöð Vesturlands
Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Sorpurðun Vesturlands
Vesturlandsstofa

Fundargerð

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV setti fundinn og bauð gesti velkomna og tilnefndi Gunnlaug Júlíusson sem fundarstjóra og Pál S. Brynjarsson og Hrefnu B. Jónsdóttur sem ritara. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tilnefndi í kjörnefnd þau Eggert Kjartansson og Ingveldi Guðmundsdóttur og kom fram hjá kjörnefnd að fundurinn var löglegur.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs hjá SSV og þeim félögum og rekstrareiningum sem SSV ber ábyrgð á.

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV flutti skýrslu stjórnar um starfsemi SSV. Hún sagði að 2017 hafi verið gott starfsár hjá SSV. Aðalfundur var haldin hér á Hamri 29.mars og síðan var haldið haustþing á Akranesi 11. október þar sem ríflega 50 manns tóku þátt. Húsnæðismál voru þema þingsins og voru góðir fyrirlestrar og margt gott sem þar var rætt.

Ný stjórn SSV var kosin til tveggja ára á aðalfundi vorið 2016 og mun því sitja fram að haustþingi 2018. Nokkrar breytingar urðu á stjórn SSV árið 2017, en þau Björn Hilmarsson, Geirlaug Jóhannsdóttir og Stefán Ármannsson tóku sæti í stjórn í stað þeirra Kristínar Bjargar Árnadóttur, Magnúsar Smára Snorrasonar og Ásu Helgadóttur. Stjórn SSV hélt sjö fundi á árinu.

Í árslok 2017 voru fastráðnir starfsmenn SSV átta talsins í 6,1 stöðugildum. Anna Steinsen skrifstofustjóri lét af störfum í september, hefur ekki enn verið ráðinn starfsmaður í hennar stað.

SSV sinnir ýmsum verkefnum og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Í upphafi var meginverkefnið að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Vesturlandi og gæta hagsmuna þeirra og svo er ennþá. Hagsmunagæslan fer oftast en ekki fram í samstarfi við önnur landshlutasamtök, auk þess er öflugt samstarf landshlutasamtaka við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem fólk fundar um ýmis hagsmunamál og málefni líðandi stundar. Haldnir eru fundir með þingmönnum kjördæmisins, gerðar umsagnir um lagafrumvörp og fundað með þingnefndum.

Ný heimasíða SSV var tekin í notkun í byrjun árs 2017, en þar má finna ýmis konar upplýsingar um starfsemi samtakanna, auk þess sem lögð er áhersla á að kynna byggðarannsóknir og þróun með aðgengilegri tölfraði sem áhugavert er að skoða.

Sóknaráætlun Vesturlands verður sífellt fyrirferðameiri innan starfsemi SSV.

Samráðsvettvangur um sóknaráætlun þar sem sitja 30 manns af öllu Vesturlandi, fundaði einu sinni á árinu og valdi áhersluverkefni fyrir Sóknaráætlun Vesturlands árið 2018. Þetta starf hefur að mörgu leyti tekist mjög vel og á síðasta ári var unnið að fjórum áhersluverkefnum. Það voru: nýsköpun, frumkvöðlar og tæknimenntun, efling ferðaþjónustu, matarauður Vesturlands og samstarf og markaðssetning safna á Vesturlandi.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands úthlutaði styrkjum til 111 ólíkra verkefna 2017 að upphæð 54,6 milljónir. En sjóðurinn veitir styrki til menningarverkefna, stofn og rekstrarstyrkja menningarmála og styrki til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Það er mikil vinna að leiðbeina umsækjendum og vinna úr umsóknum um styrki í uppbyggingarsjóðinn og þakkaði Rakel öllum sem koma að þeirri vinnu fyrir vel unnin störf.

Atvinnuráðgjöfin byggir á samningi við Byggðastofnun sem greiðir u.þ.b helming af kostnaði við rekstur hennar. Fjórir atvinnuráðgjafar starfa hjá SSV í dag sem sinna mjög fjölbættum verkefnum, en það má merkja að ráðgjöf við ferðaþjónustu er ört vaxandi. Atvinnuráðgjöfin þarf að vera sýnileg og geta brugðist hratt við verkefnum á Vesturlandi hvort sem það er upp- eða niðursveifla í samfélaginu.

Töluverðar breytingar urðu á rekstri almenningsamgangna á árinu 2017, en reksturinn var færður inn í hlutafélag í eigu SSV, Fjórðungssambands Vestfirðinga og SSNV. Einnig urðu þær breytingar á rekstrarumhverfinu á árinu að frumvarp um breytingar á lögum um farþegaflutninga á landi var samþykkt og felur það í sér að einkaleyfi landshlutasamtakanna á ákveðnum leiðum á að halda og aðrir aðilar hafa ekki heimild til að aka á þeim leiðum. Eftir jákvæða niðurstöðu á rekstrinum undanfarin fjögur ár varð viðsnúningur á árinu og niðurstaðan tap að upphæð ríflega 7 m.kr. Ástæðan er fyrst og fremst fækkun farþega, en þeim fækkaði um ríflega sex þúsund á milli ára. Þá kom fram hjá formanni að stjórn SSV samþykkti á fundi sínum í mars 2018 að segja upp samningi við Vegagerðinu um skipulag og umsjón með rekstri almenningsamgangna á Vesturlandi, en lýsti sig jafnframt reiðubúna til að halda verkefninu áfram eftir endurskoðun á forsendum og auknum fjárveitingum til verkefnisins.

Að lokum þakkaði Rakel stjórn og starfsmönnum SSV fyrir gott samstarf á árinu 2017 og hvatti fólk til dáða varðandi starfsemi SSV 2018.

2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á.

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikninga SSV og þjónusturáðs um málefni fatlaðra fyrir árið 2017. Páll fór fyrst yfir reikninga þjónusturáðsins, en helstu kennitölur varðandi fjárhag þess eru:

Rekstrarreikningur

- Tekjur kr. 664.487.722 (frá ríki og sveitarfélögum)
- Gjöld kr. 662.937.685 (framlög til sveitarfélaga + sameiginlegur kostnaður)
- Fjármunatekjur kr. 262.167
- Rekstrarafkoma ársins kr. 1.812.204

Efnahagsreikningur

- Eignir kr. 125.108.000 (Kröfur á tengda aðila + handbært fé)
- Óráðstöfuð framlög kr. 8.158.000
- Skammtímaskuldir 116.950.000 (skuldir við tengda aðila)

Sjóðstreymi

- Veltufé frá rekstri kr.1.812.204
- Handbært fé í lok árs kr. 60.787.000

Helstu frávík frá fjárhagsáætlun voru þau að tekjur voru hærra en áætlað var, þar eða framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu vegna breytinga á SIS-mati og góðrar fjárhagsstöðu sjóðsins. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði dekkju því um 96% af áætluðum kostnaði við þjónustupörf.

Fjárveitingar sem tengjast þessum auknu tekjum frá Jöfnunarsjóði bárust þó að hluta ekki fyrir en nú í febrúar og eru því færðar sem kröfur á Jöfnunarsjóð og sem skammtímaskuldir við sveitarfélögin á Vesturlandi í ársreikning SSV, þar sem ekki var hægt að að greiða þá fjárhæð út til sveitarfélaganna fyrir árslok 2017.

Því næst fór Páll yfir lykiltölur varðandi rekstur SSV árið 2017:

Rekstarreikningur

- Tekjur kr. 126.273.938
- Gjöld kr. 112.822.227
- Vaxtagjöld kr. 433.258
- Áhrif hlutd.fél kr. 2.881.683
- Tap af aflagðri starfsemi kr. 1.688.787
- Rekstrarniðurstaða kr. 9.314.499

Efnahagsreikningur

- Eignir kr. 159.709.564 (Fasteign, bifr., búnaður eignarhl., kröfur og handbært fé)
- Skuldir kr. 101.640.041 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir og langtímaskuld)
- Eiginfjárreikningur kr. 58.069.464

Sjóðstreymi

- Veltufé kr. 14.359.695
- Handbært fé kr. 103.427.531

Tekjur SSV voru rúmlega 126 milljónir og var það í eilítið hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrargjöldin voru hins vegar aðeins lægri en áætlun og á heildina litið voru frávík frá áætlun ekki stór. Hagnaður af rekstri var rúmar 9 milljónir. Þessi hagnaður er fyrst og fremst tilkominn vegna þess að sértekjur voru hærra en áætlun gerði ráð fyrir.

Páll fór því næst nánar yfir rekstur almenningsamgangna, en eins og áður kemur fram var reksturinn færður inn í sérstakt félag NVB ehf. árið 2017. Heildartekjur almenningsamgangna

námu rúmum 347 milljónum 2017. Þar af voru tekjur frá ríki og sveitarfélögum rúmar 189 milljónir og hækkuðu um 2 milljónir á árinu. Farþegatekjurnar lækkuðu hins vegar um 11 milljónir á milli ára og voru rúmlega 158 milljónir 2017. Gjöldin vegna almenningssamgangna voru um 355 milljónir. Greiðslur til verktaka hækkuðu um 10. milljónir, og voru rúmlega 318 milljónir. Annar kostnaður og greiðslur voru 37 milljónir. Niðurstaðan var því tap að upphæð 7,5 milljónir.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir þessa kynningu á ársreikningi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir úr sal. Fyrirspurnir komu fram um rekstur almenningssamgangna, annars vegar var spurt um hvort hægt væri að fjölga ferðum og ná þannig í meiri tekjur og hins vegar hvort hægt væri að fjölga farþegum með því að kynna þjónustuna betur. Páll svaraði því til að farþegatekjur væri aðeins um helmingur af tekjunum og því stæðu nýjar leiðir eða fjölgun ferða ekki undir sér. Búið væri að hagræða í leiðakerfinu og það hefði falist í því að fækka ferðum og lækka þannig kostnað. Hann sagði jafnframt að stjórn SSV hefði hvatt til þess að ferðir Strætó á landsbyggðinni yrði auglýst betur, en að á meðan óvissa ríkti um framhald verkefnisins hefði verið ákveðið að halda að sér höndum.

3. Fjárhagsáætlun SSV 2018.

- Fjárhagsáætlun SSV 2018 var samþykkt á haustþingi 2017

4. Starfsáætlun SSV 2018.

- Starfsáætlun SSV 2018 var samþykkt á haustþingi 2017

5. Kosning í stjórn SSV.

Ný stjórn SSV var kosin til tveggja ára á aðalfundi vorið 2016 og mun því sitja fram að haustþingi 2018. Vegna þessa kom ekki til kosninga

6. Kosning í þær nefndir sem starfa milli aðalfunda SSV.

Ekki þurfti að kjósa í nefndir að þessu sinni.

7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.

Fundarstjóri kynnti tillögu að launakjörum stjórnar og nefnda árið 2018. Tillagan er eftirfarandi::

1. Laun stjórnar skulu nema 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 5% af þingfararkaupi á hvern stjórnarfund. Formaður fær sömu laun fyrir aðra fundi sem hann sækir fyrir hönd stjórnar SSV.
2. Laun fulltrúa í nefndum skulu nema 1,66% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns nefndar skulu nema 3,32% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
3. Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk

Þess sem þeir fá greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund.

Tillagan var samþykkt samhljóða

8. Kosning endurskoðanda.

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að KPMG yrði endurskoðandi reikninga SSV árið 2018. Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál löglega fram borin.

Á fundi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands sem fór fram fyrr sama dag var skorað á sveitarstjórnarfulltrúa að taka fjárveitingar til Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands til umræðu á aðalfundi SSV. Lögð var fram svohljóðandi ályktun:

„Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn á Hótel Hamri 19 mars 2018, skorar á ráðherra mennta- og menningarmála að leggja á það áherslu að fjárveiting til símenntunarmiðstöðva sé byggð á faglegum grunni og að þar sé gætt jafnræðis. Lögð er áhersla á að vinnu við gerð reiknilíkans, sem byggir á traustum rekstrargrunni stofnana til að þjónustu landið allt, þ.m.t. dreifðar byggðir, sé hraðað og fjárveiting til símenntunarmiðstöðvanna byggist á því. Mikilvægt er að haft sé samráð um reiknilíkansins við hlutaðeigandi aðila og tekið sé tillit til ólíkra aðstæðna símenntunarmiðstöðvanna. Jafnframt er lögð áhersla á að fjármagni til framhaldsfræðslu verði forgangsraðað þannig að grunnframlag til símenntunarmiðstöðvanna verði hækkað verulega á fjárlögum, en upphæðin hefur verið nokkuð óbreytt síðustu tíu ár og hefur engan veginn fylgt verðlagsþróun. Aðalfundurinn felur framkvæmdastjóra SSV að kynna þessa ályktun fyrir mennta- og menningarmálaráðherra sem og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.“

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Á kynningarfundum sem fram fór stutt fyrir aðalfund SSV varð umræða um fjárveitingar til Vesturlandsstofu og kom fram að í desember 2017 voru kynnt drög að samningi á milli Ferðamálastofu og Vesturlandsstofu þar sem Vesturlandsstofa átti að fá kr.21.172.000 til rekstur Markaðsstofu Vesturlands. Í mars 2018 var kynntur nýr samningur fyrir fulltrúum Vesturlandsstofu þar sem búið var að lækka fjárveitinguna niður í kr.13.210.000. Vegna þessa var lögð fram svohljóðandi ályktun:

„Aðalfundur SSV haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 19 mars 2018 mótmælir harðlega fyrirhugaðri skerðingu á fjárveitingum til Vesturlandsstofu og krefst þess að staðið verði við þau drög að samningum um fjárveitingar sem kynnt voru síðla árs 2017 af Ferðamálastofu. Framkvæmdastjóra SSV er falið að óska eftir fundi með ráðherra atvinnu- og nýsköpunarmála svo fljótt sem verða má. Jafnframt verði erindið tekið upp við þingmenn Norðvesturkjördæmis.“

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Ekki voru tekin fyrir fleiri mál undir þessum lið.

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV þakkaði fundarstjóra og fundamönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.